

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefnd hefir yfirumsjón allra fjallskilamála sýslubúa. Hreppsnefndir hafa á hendi stjórn og framkvæmdir á fjallskilamálum, hver í sínum hreppi eða í samlögum, ef svo hagar til.

2. gr.

Hreppsnefndir geta gert nánari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum, þó má eigi þar með raska reglugerð þessari.

II. KAFLI

Um fjármörk og markaskrár.

3. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glögg eynarmark á fé sínu, en ef sauðfé er soramarkað eða markið óskýrt, skal það brennimerkt eiganda á hægri horn, ef það er hyrnt, en á kollótt fé skal festa málmlötu með skýru marki í hægri eyra.

4. gr.

Heimilt er sýslunefnd að skipa svo fyrir, að sauðfé veturgamalt og eldra sé merkt sýslu-, hrepps- og bæjarbrennimarki á vinstra horn, eða á málmlötu í vinstra eyra, ef kindin er kollótt, og ákveður hún þá hvernig merkin skuli vera.

5. gr.

Mark helgar eiganda kind, nema sönnur komi fyrir að annar eigi, eða að eigandi marksins viðurkenni hana ekki sem sína eign, sbr. 44. gr.

Óheimilt er manni að helga sér kind, sem ekki ber hans rétta mark, hversu lítið sem á vantar eða umfram er. Ef kind er með hornamarki eða brennimarki annars manns en þess, er eynarmarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið. Þó skal hann ef eigandi eynamarks krefst þess, gera grein fyrir hvernig hann hefir eignast kindina. Kind, sem er með eynarmarki eins manns, hornamarki annars og brennimarki hins þriðja, skal talin eign þess, er brennimarkið á. Sönnur skal hann færa á eignarétt sinn ef krafizt er.

6. gr.

Nú er kind ómörkuð eða afeyrð, eða á henni er óþekkjanlegt eða mjög vafasamt mark, en maður vill eigna sér hana af líkum, getur hann borið málið upp við hreppstjóra. Skal þá hreppstjóri ásamt tveim óvilhöllum mönnum, sem hann tilkveður, meta ástæður þær, er hlutaðeigandi hefir til stuðnings máli sínu. Ef þeim öllum kemur saman um að mestar líkur séu til að hann eigi kindina, þá má hann hirða

hana sem sína eign, ella telst hún með óskilafé. Sé hann óánægður með úrslitin er honum frjálst að leita réttar síns með málssókn.

102
31. ágúst

7. gr.

Ekki má sami maður eiga fleiri en tvö mörk. Enginn má taka upp mark, er líkist svo marki í gildandi markaskrá sýslunnar eða nærliggjandi sýslna, ef ætla má að fé gangi saman, að misdrætti geti valdið, nema með leyfi þess, er líkt mark á. Mikil særingamörk má ekki taka upp, né heldur hafa þau mörk, sem vandhæfni er á að marka svo, að eigi valdi villu eða vafa, svo sem hvathamrað, blaðrifað, helmingrifað, þrírifað, þrístúfrifað, sýlt í blaðstýft, sýlt í hamar, sýlt í hvatt, sýlt í helmingað, sýlt í stúf og tvístýft í stúf. Fleiri en tvær undirbenjar má ekki hafa sama megin á eyra. Mörk þau, er hann er lagt við, mega ekki ganga að erfðum, gjöfum, eða kaupum og sölum. Sé hann lagt við fleiri mörkum en hér eru tilgreind skulu þau auglýst í markaskrá sýslunnar.

8. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir sýsluna 5.—10. hvert ár, eftir því sem þurfa þykir. Hver markeigandi skal koma marki sínu í skrána og greiða fyrir það gjald, er sýslunefnd hefir ákveðið. Hvert heimili, sem á eitt eða fleiri mörk í skránni fær eitt eintak af henni, og skal það fylgja jörðinni eða býlinu þegar búenda-skipti verða. Einnig skal sýslunefnd sjá um að nægilega mörg eintök verði send ókeypis til allra hreppa utan sýslu, er búast má við að fé gangi saman úr.

9. gr.

Áður en mörkum er safnað til prentunar, skal sýslunefnd ákveða gjald fyrir þau, til lúkningar kostnaði við söfnun þeirra, skráning og prentun, svo og umsjón með upptöku marka, sbr. 10. gr. Ef gjaldið nemur meiru en kostnaði rennur afgangurinn í sýslusjóð, en hrökkvi ekki gjaldið greiðist það, sem á vantar, úr sýslusjóði.

10. gr.

Sýslunefnd kys mann til að búa markaskrána undir prentun og hafa umsjón með upptöku marka. Kosning hans fer fram í hvert sinn, er markaskrá á að prenta. Sýslunefnd ákveður honum þóknun fyrir starf sitt.

Markaumsjónarmaður gerir sér far um að koma samræmi og festu á nöfn marka og að sammerkingar ekki eigi sér stað. Í markaskrá skal raða mörkum eftir stafrofsröð, en þó framan fyrr en aftan.

Mörk eru flokkuð eftir yfirmarki, eða, sé ekkert yfirmark þá formarki, og skal það fyrsta í hverjum flokki skráð fullum stöfum, hin síðari með strikum.

Fyrst í flokki færast þau mörk, sem hægra eyra er alheilt, síðan ræður hægra eyra röðinni, nema sama mark endurtakist, þá vinstra eyra. Í markalýsingu er fyrst greint yfirmark, þá undirmark framan og aftan og fyrr hið efra, ef tvö eru sama megin, og síðast undirmark á miðju eyra.

11. gr.

Hreppsnefndir skulu hver í sínum hreppi samkvæmt ákvæðum sýslunefndar eða markaumsjónarmanns safna mörkum í hreppnum og innheimta gjald fyrir þau. Hreppsnefndin eða sá maður, er hún felur framkvæmdina, hlutast til um að sammerkingar eða mjög lík mörk, sem hætt er við að valdi misdrætti, eigi sér ekki stað.

Mörkum hvers hrepps sé safnað í heild eftir stafrofsröð, og séu merki sett við nýupptekin mörk. Handritið liggi síðan frammi í 14 daga, samkvæmt áður birtri aug-

102 lýsingu, hreppsþúum til sýnis. Að því búnu sé markaumsjónarmanni send markaskrá hreppsins, ásamt gjaldinu.

12. gr.

Þegar markaumsjónarmaður hefir fengið markaskýrslur allra hreppanna ber hann þær saman sín á milli, og þær allar saman við gildandi markaskrár innan sýslu og utan þar, sem búast má við fjársamgöngum.

Heimilt er honum að fella niður nýupptekin mörk, sem of lík eru eldri mörkum, og þau, sem bannað er að taka upp, ef nokkur eru á skýrslu. Nú hefir hann ákveðið að fella niður mark eða breyta marki svo, er hann telur nauðsynlegt, þá skal hann svo fljótt, sem við verður komið, tilkynna það hlutaðeigendum og benda þeim á önnur mörk eða breytingar á marki, er komið geti í staðinn. Verði tillögum hans eigi mótmælt, innan sex vikna frá því að hann sendi þær, skulu þau mörk gilda til skrásetningar.

Að öðru leyti ber honum að taka til greina óskir eða kröfur markeigenda, geti þær samrýmst ákvæðum þessarar reglugerðar.

13. gr.

Nú vill einhver taka upp mark milli þess að markaskrá er samín. Ber honum þá að fá til þess samþykki markaumsjónarmanns, og að því fengnu skal markeigandi auglýsa það í Lögbirtingablaðinu, og er honum það þá heimilt til notkunar.

14. gr.

Fjáreigendur, sem fluzt hafa úr öðrum sýslum skulu, áður en 10 vikur eru af sumri, lýsa mörkum sínum fyrir hreppsnefndinni þar sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal hreppsnefndin skrifa upp og senda þau án tafar til hreppsnefnda nálæggra hreppa innan sýslu og utan þar sem vænta má fjársamgangna. Þeir, sem vanrækja þetta, eða hirða eigi um að láta prenta nöfn sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við að farið sé með fé þeirra eins og óskilafé og sæti auk þess sektum.

III. KAFLI

Um fjársmalanir á vorum og geldfjárrekstra í upprekstrarlönd.

15. gr.

Hver hreppsnefnd hefir heimild til að skipa fyrir um fjársmölun eina eða fleiri að vori til rúnings og mörkunar á þeim tíma, er hentast þykir, og er öllum fjáreigendum skylt að hlíta fyrirmælum hennar í öllu því, er smölunina snertir.

16. gr.

Utansveitarfé í ull eða með ómörkuðum lömbum skal handsama, ef unnt er, rýja það og marka ómörkuð lömb marki eiganda lambsmóður. Eiganda skulu hið fyrsta gerð full skil á ull og grein fyrir marki og öðrum einkennum á hverri kind, sem rúin hefir verið, eða markað undir. Verði eigi með vissu vitað hver eigandinn er ber að innna þessi skil af hendi við hlutaðeigandi hreppstjóra, ráðstafar hann þá ullinni sem öðru óskilafé. Í ómakslaun ber að greiða: fyrir að rýja kind 40 aura, fyrir að marka lamb 60 aura, nema öðruvísi semjist.

Heimilt er hreppsnefnd að láta ákvæði þessarar greinar einnig ná til innan-sveitarfjár á þann hátt, er hún telur við eiga.

17. gr.

Þegar 11 vikur eru af sumri, skal hver fjáreigandi hafa rekið allt fé sitt annað en kvíær og sjúkar kindur í upprekstrarlandi. Fráfærulömb, sem reka á í ógirt land, skal geyma minnst í 3 sólarhringa frá því þeim er fært frá, til þess við þau er skilið í upprekstrarlandi.

102

31. ágúst

18. gr.

Þar sem tveir eða fleiri búendur leyfa upprekstur, og liggi beitolönd þeirra saman, svo að fé gangi í löndunum á víxl, þá taki hver beitartoll eftir fasteignamatshæð þeirra jarða, er löndin liggja undir. Verði eigendur eða umráðamenn upprekstrarlands og fjáreigendur, sem engin slík landsumráð hafa, eigi ásáttir um notkun þeirra skal hlutaðeigandi hreppsnefnd skera úr þeim ágreiningi. Enda getur hún hvenær sem er sett reglur um notkun allra upprekstrarlanda í hreppnum. Skal þar vera kveðið á um upphæð upprekstrargjalds fyrir hverja kind, hversu margt fé má reka á hvert upprekstrarland fyrir sig, hvaða takmörkum það skuli háð að veita utan-sveitarfé hagagöngu, ítölu hvers eins í sameignarlöndum og annað það, er þurfa þykir.

19. gr.

Hver, sem heimildarlaust rekur fénað í annars manns land, hvort sem það er heimaland eða upprekstrarland og skilur hann þar eftir, er skaðabótaskyldur til landsnothafa, eftir því, sem hæfa þykir, auk sekta.

IV. KAFLI

Um fjallskil.

20. gr.

Hreppsnefndir skipa fyrir um fjallskil hver í sínum hreppi. Leitardagar eru tveir, hinn fyrri mánudagurinn í 22. viku sumars, hinn síðari mánudagurinn í 23. viku sumars. Heimilt er hreppsnefnd að skipa fyrir um aukaleitir samkv. 35. gr.

21. gr.

Skylt er hverjum ábúanda eða húsráðanda, sem fé á, að gera fjallskil fyrir sig, hjú sín og börn, eigi þau fé. Einnig fyrir það fé, er hann kann að hafa tekið til uppreksturs úr öðrum hreppum. Lausamenn og húsmenn gera og fjallskil fyrir það fé, er þeir eiga.

22. gr.

Hver, sem á færri en 10 kindur, getur valið um það að fara í göngur einn sér eða í samlögum við annan eða greiða í fjallskilasjóð eða sveitarsjóð þá upphæð fyrir hverja kind, er hreppsnefnd ákveður.

Um þetta skal samið áður en hreppsnefnd ráðstafar göngum.

23. gr.

Sá, er rekur fé að vorinu í upprekstrarland annars hrepps, skal tilkynna það sveitarstjórn síns hrepps, ásamt tölu fjárins, áður en 10 vikur eru af sumri. Skal hún svo tilkynna það hreppsnefnd þess manns, er féð tók, áður en 14 vikur eru af sumri.

24. gr.

Þrem vikum fyrir göngur tilkynnir hver hreppsnefnd í sínum hreppi með umburðarbréfum hvernig fjallskilum skuli haga. Hún tiltekur hvað hverjum gangna-

- 102 skyldum manni beri að leggja til gangnanna, á hvaða svæði hver á að ganga, undir
31. ágúst hvers stjórn og af hvaða gangnamannaflokki takist menn til að fara í utansveitar-
réttir o. fl.

Hreppsnefnd skipar svo marga gangnaforingja sem henni þykir hæfa og ákveður svæði hvers þeirra. Hver gangnaforingi kveður með nægum fyrirvara gangnamenn sína saman á ákveðinn stað að morgni gangnadagsins. Skipar hann svo fyrir hvar hver skuli ganga, og hvernig göngunum í heild verði hagað. Ber honum að sjá um að þær fari vel og skipulega fram. Hafi gangnaforingja verið falið að senda menn af sínum flokki til að fara í utansveitarréttir, þá tiltekur hann þá í tæka tíð. Gangnamönnum ber í öllu að fara eftir fyrirmælum gangnaforingjans og vinna að því að göngurnar fari vel fram.

25. gr.

Öllum gangnaskyldum ber að leggja til hæfa gangnamenn. Hvort gangnamaður teljist hæfur fer eftir álit meiri hluta þess flokks, sem hann er í, og álit gangnaforingja. Sé vanrækt að leggja til mann í göngur eða teljist sá, sem til er lagður, ekki gangnahæfur, skal gangnaforingi fá mann í hans stað ef unnt er á kostnað þess, er vanrækti, og innheimtir hreppsnefnd gjaldið.

26. gr.

Fé af hverju gangnasvæði annað en kvíær, skal rekið til þeirrar réttar, er hreppsnefnd ákveður. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, þá getur hreppsnefnd leyft að fé sé rekið inn og dregið í sundur, þótt ekki sé viðurkenndur réttarstaður. Umsjón með þessu skal hún ætíð fela ákveðnum manni. Það fé, sem ekki er dregið úr, skal rekið svo fljótt til réttar, sem unnt er.

27. gr.

Nú þykir einhverjum sér vera gerð ranglát fjallskil. Ber honum þó eigi að síður að inna þau af hendi, en kært getur hann til hreppsnefndar og farið fram á bætur. Sé kæran komin nefndinni í hendur fyrir miðjan október tekur hún hana til meðferðar. Um meðferð málsins fer á sama hátt og útsvarskætur.

V. KAFLI

Um réttir og réttahöld.

28. gr.

Sýslunefnd ákveður eftir tillögum hreppsnefnda hvar aðalrétt og aukaréttir séu í hverjum hreppi, og hvaða upprekstrarlönd og heimalönd skuli ganga til hverrar réttar.

29. gr.

Þar sem rétt á að gera skal staði hennar valið þar sem jörð er harðlend og þurr, hallalítill, frárænni gott og skjól ef unnt er. Við byggingu eða aðgerð réttar skal einkum lögð áherzla á:

- Að almenningur sé nógu stór.
- Að sérhver fjáreigandi, sem á aðalsókn að þeirri rétt, hafi nægilegt dilkrúm út af fyrir sig eða í félagi við aðra.
- Að nægilegt dilkrúm sé fyrir utansveitarfé. Skal hver hreppur eiga þar dilkrúm, er hann á fjár von, og kosta það, nema að öðruvísi sé um samið milli hlutaðeigandi hreppsnefnda.
- Að sérstakur dilkur sé fyrir ómerkinga og svo stór að ær hafi svigrúm til að skoða lömbin og helga sér þau.

f. Að allir veggir réttarinnar séu traustir og svo háir að sauðkindur stökkvi ekki upp á þá. 102

31. ágúst

30. gr.

Hreppsnefnd sér að öllu leyti um byggingu og árlegt viðhald rétta. Fjáreigendur kosta að réttri tiltölu við fjáreign sína, byggingu og viðhald þeirra dilka, er þeir nota. Öðrum kostnaði, sem ekki tilheyrir utanhreppsmönnum, samkv. 29. gr. c. jafnar hreppsnefndin niður á alla fjáreigendur hreppsins í vinnu eða peningum, eða greiðir hann að nokkuru eða öllu úr sveitarsjóði.

31. gr.

Skyld er að leggja land og byggingarefni til réttar, en byggingarefni skal jafnan tekið þannig, að sem minnstu tjóni valdi. Sé þó um veruleg landspjöll að ræða skal endurgjalda landráðanda það úr sveitarsjóði eða fjallskilasjóði eftir samningi eða mati úttektarmanna.

32. gr.

Hreppsnefnd skipar einn réttarstjóra við hverja rétt. Réttarstjóri stjórnar fjárdrætti og leggur áherzlu á að fljótt gangi og skipulega. Hann gætir þess að misdráttur ekki eigi sér stað. Enginn má hleypa út úr dilk fyrir en réttarstjóri leyfir og búið er að athuga féð. Kvatt getur hann menn sér til aðstoðar til eftirlits.

33. gr.

Réttarstjóri annast um að ómörkuð lömb séu dregin í sérstakan dilk, svo að kostur sé á að láta mæður helga sér þau. Enginn má helga sér marklausa kind af fjárbragði einu og aldrei án samþykkis réttarstjóra. Enginn má heldur afmarka kind án hans samþykkis. Sé kind afmörkuð skal réttarstjóri um leið rita hjá sér, svo eigi glatist, mark kindarinnar eins og það var og hvernig því var breytt.

Réttarstjóri á aukarétt sér um að úrtíningur sé rekinn til aðalréttar á þann hátt, sem hreppsnefnd hefir mælt fyrir um.

34. gr.

Skyld er hverjum þeim, sem kindavon á í aðalrétt eða aukarétt, að vera þar staddur til að hirða fé sitt eða fá annan til þess.

VI. KAFLI

Um haustsmölun, eftirleitir o. fl.

35. gr.

Eftir að göngum er lokið getur hreppsnefnd skipað fyrir um smalanir, eina eða fleiri, í heimalöndum og upprekstrarlöndum, sem fé hefir verið sleppt í. Hver búandi eða landráðandi er þá skyldur að smala, enda þótt hann eigi þar ekki sjálfur fjárvon. Hreppsnefnd getur ákveðið að félagssmölun sé við höfð á tilteknum svæðum líkt og í göngum.

36. gr.

Aðkomandi fé, sem finnst eftir göngur, skal tafarlaust gera eiganda aðvart um eða reka það til hans bæ frá bæ, ef innan hrepps er. Utansveitarfé og því fé, sem ekki finnst eigandi að, skal á sama hátt rekið til þess manns, er geymir óskila-fé. Utansveitarfé sé þó komið beint til eiganda, sé þess kostur og þyki hagkvæmara.

102

31. ágúst

37. gr.

Hreppsnefndir hver í sínum hreppi segja fyrir um eftirleitir. Kostnað við þær greiða eigendur þess fjár, er finnast kann, þó ekki yfir hálf matsverð, sem tveir menn tilnefndir af hreppsnefnd gera. Kostnaður, sem ekki fæst þannig greiddur, greiðist úr sveitarsjóði eða fjallskilasjóði. Einstökum mönnum er ætíð heimilt að gera eftirleit í eigin landi. Til eftirleita í annara land þarf samþykki hreppsnefndar, nema að engra fundarlauna sé krafizt fyrir það fé, er finnast kann. Sé leitin gerð í samráði við hreppsnefnd geta finnandi og eigandi komið sér saman um fundarlaun, annars ákveður hreppsnefnd þau.

38. gr.

Nú finnst fé í ógöngum og finnandi eða eigandi treystast ekki til að ná því. Skal þá hreppsnefnd tafarlaust tilkynnt það. Skal hún þá fá svo hæfan mann, sem unnt er, og með nauðsynlegum útbúnaði til að ná fénu, sé þess nokkur kostur. Náist fé ekki og sé augljóst að það komist ekki sjálft í burtu, en verði að svelta til dauðs, má farga því með skotum ef víst er að takast megi staðhátta vegna. Til þess sé valinn vanur skotmaður. Um kostnað við þessar ráðstafanir hreppsnefndar fer samkv. 37. gr.

VII. KAFLI

Um óskilafé.

39. gr.

Hreppsnefnd skal í tæka tíð fá mann til að geyma óskilafé, nefnist hann fjárgæzlumaður. Hver búandi er skyldur að gegna því starfi þrjú ár í röð, en þá getur hann skorast undan að gegna því næstu þrjú ár. Fyrir geymsluna greiðast 15 aurar yfir sólarhring fyrir hverja kind. Greiða skal gæzlukostnað óskilafjár þegar þess er vitjað. Annars er fjárgæzlumanni heimilt að halda því eftir, eða svo miklu af því, er gæzlukostnaðinum nemur. Sé fé þannig kyrsett skal hreppstjóri selja það við uppboð og greiða allan kostnaðinn af andvirði þess, en gera eiganda skil á afganginum.

40. gr.

Ómerkinga og lömb með skemmdum eyrum eða óþekkkjanlegum mörkum, sem enginn hefir getað helgað sér, má selja á uppboði að afloknum réttum. Annars skal þeim, ásamt öllu öðru óskilafé, komið til fjárgæzlumanns, sem tekur það til geymslu samkv. 39. gr. Hvenær sem fjárgæzlumaður tekur á móti óskilafé skal hann skoða það nákvæmlega, skrifa mörk og önnur auðkenni í þar til gerða bók, er hreppsnefnd lætur honum í té, og bera þau saman við markaskrár. Að því búnu skal hann auglýsa féð, lýsa mörkum þess og einkennum, bæði innan sveitar og í næstu hreppum á þann hátt, er hreppsnefnd ákveður, enda greiði hún kostnað þann, er af þessu kann að leiða.

41. gr.

Það fé, sem enginn hefir helgað sér og ekki hefir verið vitjað eða ráðstafað 10 dögum eftir fyrri göngur, skal hreppstjóri selja við opinbert uppboð, sem auglýst hefir verið í hreppnum með nægum fyrirvara.

Á undan uppboði birtir hreppstjóri söluskilmála og tilnefnir tvo skilríka fjárglögga menn til að lýsa mörkum og einkennum á hverri kind áður en hún er seld. Ritar hann lýsingu þessa í uppboðsbókina. Ef marklýsingamenn greinir á sker hreppstjóri úr ágreiningnum.

42. gr.

102

Við sölu óskilafjár er enginn innlausnarfrestur. Þó skulu hrútar, sem eftir álitu hreppstjóra og marklýsingamanna eru hæfir til kynbóta svo og forustukindur, seldar með fjöggra vikna innlausnarfresti eftir söludag, enda sé þá gjaldfrestur eigi styttri. Kindur, sem seldar eru með innlausnarfresti, eru ekki í ábyrgð kaupanda fyrr en að frestinum liðnum. Engin kind skoðast í þessu sambandi vera forustukind nema klukka eða kengur, sem ætla má að klukka hafi verið fest í, sé í horni hennar eða aðrar verulegar líkur um forustuhneigð séu fyrir hendi.

43. gr.

Óskilafé, er síðar kemur fyrir og ekki finnst eigandi að eða eigi kemst til hans sökum fjarlægðar, skal hreppstjóri selja á uppboði.

44. gr.

Sé manni dregin kind með hans marki, en sem hann veit sig þó ekki eiga, skal farið með sem óskilafé.

45. gr.

Allur kostnaður við óskilafé greiðist af andvirði þess.

46. gr.

Fyrir miðjan desember sendir hreppstjóri oddvita hreppsins skýrslu um hið selda fé ásamt andvirðinu. Hreppstjóri getur þó með samþykki oddvita ákveðið í söluskilmálum að kaupendur greiði oddvita andvirðið.

47. gr.

Fyrir lok hvers árs sendir hreppstjóri sýslumanni nákvæma skýrslu um selt óskilafé í hreppnum s.l. haust. Sýslumaður sér um birtingu hins selda fjár í Lögbirtingablaðinu og greiðist birtingarkostnaðurinn úr sýslusjóði.

48. gr.

Hver sá, er sannar eignarrétt sinn á seldu óskilafé áður en 6 mánuðir eru liðnir frá birtingu þess í Lögbirtingablaðinu, á rétt á að fá andvirðið greitt að frádregnum kostnaði.

VIII. KAFLI

Um fjallskilasjóð.

49. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að stofna fjallskilasjóð fyrir hreppinn og renna þá til hans þessar tekjur:

- Andvirði óskilafjár að frádregnum kostnaði.
- Gjald, er greitt kann að verða samkv. 22. gr.
- Sektir, er menn sæta, ef um er að ræða brot eða vanrækslu á fyrirmælum þessarar reglugerðar.
- Aðrar tekjur, er hreppsnefnd eða almennur sveitafundur samþykkir að renni í sjóðinn.

50. gr.

Tekjum fjallskilasjóðs má aðeins verja til að standast straum af fjallskilakostnaði, sem eigi verður auðveldlega inntur af höndum með skylduvinnu, t. d.

102 hliðaðumþúnaði í réttum, kostnaði við eftirleitir samkv. 38. gr., kostnaði við björgun
31. ágúst úr ógöngum samkv. 39. gr., til vinnulaunagreiðslu, ef kaupa þarf mann til að inna
af hendi verk, er sá hefir vanrækt, er ætlað var að vinna það.

51. gr.

Sjóð þennan geymir hreppsnefnd, ábyrgist hann og ávaxtar. Reikning sjóðs-
ins gerir hún fyrir 15. janúar ár hvert, sbr. 25. gr. sveitarstjórnarlaganna.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

52. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fénað frekar en minnst verður hjá komizt,
hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í
rekstrum eða gæzlu, fjallgöngum eða heimalandssmölun. Brot gegn þessu varða
skaðabótum og hegningu að lögum.

53. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum.
Sömuleiðis heyra undir hana allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og
hrepstjórum snertandi fjallskilamál. Ennfremur geta einstakir menn komið sér
saman um að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

54. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 5—100 kr. eftir málavöxtum og
renna þær í fjallskilasjóð eða sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

55. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið með sem almenn
lögreglumál.

56. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Vestur-Ísafjarðar-
sýslu um notkun afrétta, fjallskil, réttahöld o. fl., frá 1914.

57. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir samið og sam-
þykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1927, staðfestist hér með.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. ágúst 1937.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.